

### Umsögn um þingskjal 1478-946mál Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr.16/1998

Ég tel það mikinn ágalla á frumvarpi þessu að ekki hafi verið farið í samráð við þá sem hagsmuna eiga að gæta þegar vinna við frumvarpið fór af stað svo sem skotfélögin í landinu. Einnig er gagnrýniverð hve stuttan tíma drög frumvarpsins voru í samráðsgátt og hefur það eflaust átt sinn þátt í að ekki bárust fleiri umsagnir meðan það var þar.

#### *Varðandi 11.gr. frumvarps.*

Breytingar á 13.gr laga, í fyrsta lið 3.mgr. er fjallað um nýjan flokk skotvopnaréttinda, C-flokk, þar sem loftvopn sem áður voru í D-flokki verða sett en ég fæ ekki séð hvað verður um þau vopn er áður voru á C-leyfi, á hvaða leyfi verða þau eftir þessa breytingu ?

Að færa loftvopn úr D- flokk í C-flokk er jákvæð breyting og gerir þeim sem iðka vilja íþróttagreinar þar sem loftvopn eru notuð auðveldara fyrir að byrja fyrir og er því af hinu góða en þó hefði ég gjarnan viljað sjá loftvopn sett í A-flokk eða jafnvel að við mundum horfa til landa eins og Noregs þar sem loftvopn eru bundin aldurstakmarki og ekki leyfisskyld séu þau undir ákveðnum mörkum í afli.

Hér er einnig fjallað um heimild lögreglustjóra til að leyfa notkun safnvopna tímabundið, ég tel mjög jákvætt að þessi heimild verði áfram fyrir hendi en hún mætti vera skýrar afmörkuð varðandi gildistíma til dæmis eins og nú er þar sem meigin reglan er að slík heimild gildi í viku sem og hvaða svæði séu gjaldgeng til slíkrar notkunar sem og hversu oft á ársgrundvelli má veita slíka heimild á sama vopnið.

Varðandi fjölda skota sem leyfishafi má eiga vildi ég mun frakar sjá hann tilgreindan í lögum þessum fremur en með reglugerð ráðherra, sem gæti verið síbreytileg eftir því hver sæti í ráðherrastóli, einnig tel ég að gæta verði þess að hafa þennan ramma það rúman að einstaklingur sem stundar skotiþróttir geti í upphafi keppnistímabils átt með löglegum hætti skotfæri sem duga út tímabilið, hér væri samráð við skotfélögin í landinu gott því þar þekkjja menn þessar þarfir.

#### *Varðandi 15.gr. frumvarps*

Í 3.mgr um breytingar á 17.gr laganna segir að hemilt sé að veita ungmennum leyfi til að nota skotvopn og skotfæri undir stjórn skotstjóra skotfélags samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur. Ég tel ótvírætt að hér væri heppilegra að setja í lög ákvæði er til dæmis varða aldurs takmörk og hvaða aldur þarf fyrir hvaða gerð vopna og horfa til nágrannalanda okkar þegar þessi mörk eru sett því staðreyndin er að áhugi og iðkun skotiþróttar hefur farið jafnt og þétt vaxandi hér á landi undanfarin ár. Þá hefur einnig aukist að keppnisfólk okkar hafi farið erlendis til að keppa, það er því mikið í húfi fyrir þá sem að leggja stund á skotiþróttir, rétt eins og aðrar íþróttagreinar, að hafa sömu tækifæri til að ná árangri eins og þeir sem verið er að keppa við frá öðrum löndum.

#### *Varðandi 20.gr. frumvarps*

Um 6.mgr 23.gr. segir að ráðherra skuli setja reglugerð um stærð skápa eftir fjölda skotvopna, íhluta og skotfæra. Þessi grein þykir mér orka mjög tvímælis, skotvopn eru mjög mismunandi að stærð og skápur sem tæki að hámarki fimm riffla með sjónauka mundi léttilega rúma tuttugu skammbyssur, svo gróft dæmi sé tekið, heppilegra væri að leggja þá skyldu á leyfishafa skotvopnaleyfa að þeir geti sannanlega komið öllum sínum vopnum í þá vopnaskápa sem þeir hafa til umráða með góðu móti. Einnig er hér komið inn á að einstaklingar með sama lögheimili geti deilt skáp, þetta er mjög gott ákvæði og mundi ég mun fremur vilja sjá það skýrt og afdráttarlaust í lögnum frekar en að falla undir reglugerð ráðherra.

*Varðandi greinargerð frumvarps.*

Í greinargerð frumvarpsins segir að stofnaður hafi verið starfshópur með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, embættis ríkislögreglustjóra, embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Aftur vil ég taka til þess að mér þykir gagnrýnivert að engir aðrir en opinberir aðila hafi komið að gerð frumvarpsins og ekki vænlegt til að ná um það almennri sátt.

Í inngangi greinargerðar er lagt til að undanþága frá meginreglunni um innflutning sjálfvirkra og hálf sjálfvirkra vopna verði felld niður gagnvart safn vopnum, þá segir einnig “Hins vegar er lagt til að bannað verði að flytja safnvopn til landsins en slíkum vopnum hefur fjölgað mjög mikið hér síðustu ár”

Einnig er tekið til þess í 4.gr. frumvarpsins, varðandi 5.gr laga að undanþága verði fyrir hendi til að flytja inn hálf sjálfvirk vopn til íþróttaskotfimi.

Það er mjög einkennilegt ef ekki er heimilt að flytja inn nein skotvopn til söfnunar, ekki einu sinni einskota handhlaðin svo sem framhlaðninga, en á sama tíma leyfa innflutning á hálf sjálfvirkum skotvopnum til annara nota en söfnunar.

Ég mótmæli þessum hugmyndum alfarið og tel að jafnt skuli yfir alla ganga á þessu sviði.

Undanþága ætti því afram að vera í gildi til innflutnings safnvopna enda hefur ekki verið sýnt fram á að nokkur einustu vandamál hafi hlotist í samfélaginu vegna þeirra og því engin ástæða til breytinga á þessari undanþágu.

Akureyri 10.05.2023

